

Marargata 2 (fsp) breyta bílskúr í íbúð - USK24070183

Lögð fram fyrirspurn Þórðar Þórðarsonar, dags. 16. júlí 2024, um að breyta bílskúr í íbúð á lóð nr. 2 við Marargötu.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.



Loftmynd. Borgarvefsjá, 2023.



Marargata 2, skjaskot af ja.is.

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Marargata 2 í skilgreindri íbúðarbyggð, nánar til tekið ÍB1, í Gamla Vesturbænum.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir umrædda lóð. Hverfið er skilgreint sem hverfisverndarsvæði sbr. 6.3.1. gr. í skipulagsreglugerð.

Innan Hringbrautar er í aðalskipulagi skilgreind Hverfisvernd innan Hringbrautar. Markmið hverfisverndar er að varðveita og styrkja heildaryfirbragð gamla bæjarins sem gerir hann að einstökum og eftirsóknarverðum stað í alþjóðlegu samhengi og að varðveita og styrkja söguleg og fagurfræðileg einkenni. Markmiðinu skal náð með því að gætt verði ýtrustu varúðar við þróun byggðar innan svæðisins og að meginmarkmiðum borgarverndunarstefnu verði fylgt eftir í hvívetna.

Fyrirspurn

Óskað er eftir því að breyta bílskúr íbúð; stúdíóíbúð með eldhúsi og baðherbergi (þvottahúsi). Ekki yrðu settir aðrir gluggar en þeir sem kæmu í stað núverandi bílskúrshurðar og þakgluggi. Eignin yrði ekki stækkuð að flatarmáli né hækkuð.

Umsögn

Byggingin á lóð nr. 2 við Marargötu er steinsteypt fjölbýlishús, hannað af Hafliða Jóhannessyni 1930. Eigendum húsa sem byggð voru 1940 eða fyrr sem hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa er skylt að leita álags Minjastofnunar Íslands, sbr. 1. mgr. 30 laga um menningarminjar nr. 80/2012. Árið 2000 var hannaður nýr tvöfaldur bílskúr ásamt geymslu, hannaður af Sverri Norðfjörð og á breytingin aðeins við um hann.

Hverfisskipulag hefur ekki verið samþykkt fyrir þennan borgarhluta. Skipulagsfulltrúi gerir hins vegar ekki athugasemdir við að útbúa vinnustofu með salerni og kaffiðstöðu í bílskúr.

Niðurstaða

Neikvætt. Gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við erindið sbr. umsögn að ofan.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Olga Guðrún Sigfúsdóttir, arkitekt FAÍ og verkefnastjóri.